

Föstudaginn 8. desember 1978.

Nr. 169/1976. Viðar Þorsteinsson

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Gunnsteini Kjartanssyni

og gagnsök

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Lausafjárkaup. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1976. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 21.006 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 1. mars 1975 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. janúar 1977, að fengnu áfrýjumarleyfi 20. desember 1976. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.275.503 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1975 til 19. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verði ákveðnir hinir sömu og greinir í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi heldur því fram í máli þessu, að aðaláfrýjandi hafi farið löglaust að, er hann tók aftur í sínar hendur og seldi síðan þriðja aðilja hinn 18. mars 1975 vörubifreið þá, sem hann hafði selt gagnáfrýjanda með munnlegum kaupsamningi í febrúar 1974. Er sérstaklega á það bent af hálfu

gagnáfrýjanda, að þar sem aðaláfrýjandi hafi fengið honum bifreiðina í hendur, er kaup höfðu farið fram, hafi 2. mgr. 28. gr. laga nr. 39/1922 skotið loku fyrir, að aðaláfrýjandi mætti rifta kaupin, þó að vanskil yrðu á kaupverði af hendi gagnáfrýjanda. Auk þess hafi aðaláfrýjandi enga riftunarkröfu gert fyrr en með bréfi, dags. 21. mars 1975, en þá hafi hann verið búinn að taka bifreiðina og selja hana að nýju.

Aðaláfrýjandi heldur því fram, að sér hafi verið heimilt að rifta kaupin og taka bifreiðina aftur af gagnáfrýjanda vegna vanskila hans. Telur hann, að hann hafi áskilið sér nægilega samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga um lausafjárkaup að mega rifta kaupin, ef vanskil yrðu, með því að hann hafi ekki látið gagnáfrýjanda í té afsal eða önnur skrifleg skilríki, sem nauðsynleg hafi verið, til þess að gagnáfrýjandi gæti fengið bifreiðina skráða á sitt nafn.

Málsaðiljar gerðu ekki skriflegan samning um viðskipti sín. Er ekki fullljóst, hvernig samið var um greiðslu kaupverðs í einstökum atriðum. Helst virðist þó, að gagnáfrýjandi hafi átt að greiða aðaláfrýjanda 100.000 krónur, er hann fékk bifreiðina í sínar hendur, sem hann og gerði. Þá hafi hann átt að greiða 600.000 krónur, þegar hann hefði selt eigin bifreið, en afganginn hafi hann átt að greiða með víxlum, er greiðast skyldu á einu ári. Þá andmælir gagnáfrýjandi þeim skilningi aðaláfrýjanda, að með því að fá gagnáfrýjanda ekki í hendur skrifleg skilríki um kaupin, hafi aðaláfrýjandi viljað áskilja sér riftunarrétt, ef vanskil yrðu á greiðslu kaupverðs.

Hvernig sem framangreindu er varið, þykir ekki nauðsynlegt varðandi úrslit málsins að taka afstöðu til þessara atriða. Í málinu er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi breytt því, að hann vildi rifta kaupin, fyrr en eftir að hann tók bifreiðina í sínar hendur, og samkvæmt viðurkenningu hans sjálfs var hann jafnvel þá ekki reiðubúinn til að endurgreiða gagnáfrýjanda í reiðufé meira af kaupverði bifreiðarinnar en 100.000 krónur. Afganginn, að frádregnum kostnaði, vildi aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda með víxlum. Ef aðaláfrýjandi hugðist rifta kaupin, var endurgreiðsla goldins kaupverðs með þess-

um hætti engan veginn fullnægjandi, sbr. 57. gr. laga nr. 39/1922. Gat aðaláfrýjandi þegar af þessari ástæðu ekki krafist að fá bifreiðina aftur í sínar hendur og mátti ekki ráðstafa henni með þeim hætti sem hann gerði. Er aðaláfrýjandi greiðsluskyldur gagnvart gagnáfrýjanda vegna töku bifreiðarinnar og ráðstöfunar sinnar á henni.

Kemur þá til álita fjárhæð krafna gagnáfrýjanda í málinu.

Dómkröfu sína sundurliðar gagnáfrýjandi með sama hætti og fyrir héraðsdómi. Með hliðsjón af málflutningi hans þykir rétt að taka kröfur hans til greina með þeim hætti sem hér verður greint:

Gagnáfrýjandi hefur ekki sannað, að söluverð bifreiðarinnar til Jóns Ingibergs Herjólfssonar hafi verið hærra en 1.400.000 krónur eða að verðmæti hennar hafi verið meira. Ágreiningslaust er, að gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda alls 750.000 krónur af kaupverði bifreiðarinnar. Að auki telur gagnáfrýjandi sig hafa greitt honum 90.000 krónur, sem aðaláfrýjandi vill ekki kannast við að hafa tekið við. Ekki þykir þó rétt að haggja því mati héraðsdóms, að sannað sé, að gagnáfrýjandi hafi einnig greitt þetta fé. Hefur aðaláfrýjandi þá tekið við greiðslum að fjárhæð samtals 840.000 krónur, sem hann á að standa gagnáfrýjanda skil á í uppgjöri þeirra. Til frádráttar kröfum gagnáfrýjanda kemur umsamið kaupverð bifreiðarinnar, 1.100.000 krónur, svo og þau gjöld af bifreiðinni, sem gagnáfrýjandi viðurkennir, að sér beri að greiða, alls 64.497 krónur. Samtals ber aðaláfrýjanda því að greiða gagnáfrýjanda 1.075.503 krónur ($1.400.000 + 840.000 - 1.100.000 - 64.497$ krónur) með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en aðiljar eru sammála um upphafstíma vaxta.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 340.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Viðar Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Gunnsteini Kjartanssyni, 1.075.503 krónur með

13% ársvöxtum frá 1. mars 1975 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og samtals 340.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 26. júlí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. júlí sl., hefur Gunnsteinn Kjartansson, Skipasundi 17, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu gegn Viðari Þorsteinssyni vörubifreiðarstjóra, Kirkjuvogi, Höfnum, Gullbringusýslu, með stefnu, birtri 16. september 1975, til greiðslu skuldar og/eða skaðabóta að fjárhæð kr. 1.340.000 ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. mars 1975 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Við munnlegan flutning málsins varð breyting á kröfugerð stefnanda, og eru dómkröfur hans þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.275.503 með 13% ársvöxtum frá 1. mars 1975 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og framlögðum reikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Í stefnu er þannig greint frá málavöxtum:

„Í febrúarmánuði 1974 kaupir stefnandi af stefnda bifreiðina G-3882, vörubifreið af gerðinni Scania Vabis. Umsamið kaupverð var kr. 1.100.000.-, sem greiðast skyldi með umsömdum hætti á einu ári. Stefnandi hafði greitt stefnda samtals kr. 840.000.-, þegar stefndi í febrúarmánuði s.l. tekur með sjálfstöku bifreiðina af stefnanda, þar sem hún var í geymslu hjá Erni Leóssyni, Hverarmörk 7, Hveragerði, og seldi síðan bifreiðina öðrum manni, Jóni Herjólfsyni. Stefnandi hafði framkvæmt dýrar og umfangsmiklar endurbætur á bifreiðinni, m. a. var vél hennar upptekin, öll bifreiðin sprautuð og nýtt drif sett í hana. Var talið, að verðmæti hennar hefði allt að tvöfaldast. Stefndi mun hins vegar á pappír-

um hafa selt fyrrgreindum Jóni bifreiðina á kr. 1.400.000.-. Sala þessi var að sjálfsögðu ólögmæt, eins og að henni var staðið, og tvímælalaust um refsiverðan verknað að ræða, enda kærði stefnandi stefnda fyrir þennan verknað til sakadóms Gullbringusýslu, þar sem það er nú til rannsóknar. Stefnandi telur, að verðmæti bifreiðarinnar hafi ekki verið undir kr. 1.600.000.-, og hefur það verið staðfest af bifreiðasölu þeirri, sem hafði með fyrrgreinda sölu að gera.

Með bréfi, dags. 21. mars 1975, er stefndi krafinn um endurgreiðslu á framangreindum kr. 840.000.- auk mismunarins á umsömdu kaupverði og verðmæti hennar á söludegi, eða kr. 500.000.-. Gerir þetta samtals kr. 1.340.000.-, sem er stefnukrafan. Þessu svarar stefndi með bréfi til stefnanda, sem póstlagt er til hans 24. mars 1975, þar sem hann þá fyrst riftir kaupunum og býður stefnanda endurgreiðslu á aðeins hluta söluverðsins. Á þetta gat stefnandi að sjálfsögðu ekki fallist. Stefnandi hefur enn ekkert endurgreitt honum. Hefur stefndi m. a. neitað stefnanda að greiða honum það, sem hann telur sig skulda honum.

Ástæðan fyrir því, að stefnandi fékk ekki bifreiðina strax skráða á sitt nafn, var m. a. sú, að á bifr. hvíldi skuld vegna bifreiðaskatts o. fl.“

Í greinargerð lögmanns stefnda er málavöxtum lýst svo:

„Málavexti kveður umbj. minn vera þá, að í febrúar 1974 hafi tekist munnlegur kaupsamningur milli stefnanda máls þessa og umbj. míns um, að umbj. minn seldi stefnanda bifreið sína G-3882, sem er tíu tonna vörubifreið af gerðinni Scania Vabis. Umsamið kaupverð var kr. 1.100.000.-. Greiddi stefnandi strax kr. 100.000.- við afhendingu, en lofaði að greiða innan hálfis mánaðar kr. 600.000.-, og eftirstöðvarnar auk vaxta lofaði stefnandi að greiða að fullu innan eins árs, með jöfnum afborgunum, með afhendingu víxla.

Varð að samkomulagi, að umbj. minn gengi frá afsali og sölu-tilkynningu til stefnanda, þegar stefnandi hefði greitt eftirstöðvar útborgunar og gefið út víxla fyrir eftirstöðvum kaupverðs og sett fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu þeirra.

Stefnandi vanefndi samning þennan verulega, þrátt fyrir að umbj. minn gengi stöðugt eftir greiðslu, bæði símleiðis og með heimsóknum til stefnanda í Reykjavík.

Frá stefnanda barst fyrst kr. 350.000.- greiðsla í apríl eða maí upp í kaupverðið. Þá hafði umbj. minn margsinnis hót að rifta

kaupum, en samþykkti þó, að salan gæti farið fram eins og ákveðið var, enda greiddi stefnandi herra kaupverð, þ e. a. s. kr. 1.175.000.-, og skyldi stefnandi greiða innan skamms eftirstöðvar útborgunar kr. 325.000.- auk vaxta og samþykkja víxla fyrir kr. 400.000.- með mánaðarlega gjalddaga til febrúar 1975, þannig að kaupverðið væri þá að fullu greitt.

Enn vanefndi stefnandi kaupsamning þennan og greiddi eigi fyrr en 11. september 1974 kr. 300.000.-. Gekk þó umbj. minn stöðugt eftir greiðslu frá stefnanda og hótaði riftun kaupa, enda hefði hann eigi afsalað bifreiðinni til stefnanda til fullrar eignar fyrr en eftirstöðvar kaupverðs væru að fullu greiddar og að auki áfallin gjöld.

Snemma sumars 1974 fór stefnandi með bifreiðina norður til Akureyrar og ók þar allt sumarið fyrir ýmsa aðila. Átti umbj. minn því eigi hægt með að sækja bifreiðina þá og rifta kaupum.

Hinn 28. október 1974 lagði stefnandi inn skráningarmerki bifreiðarinnar, og hafði hann bifreiðina í sínum vörzlum. Þá lofaði hann umbj. mínum enn, að hann mundi greiða eftirstöðvar kaupverðs, og veitti umbj. minn honum enn frest til að standa skil á því, þannig að það bærisk allt innan árs frá kaupdegi, eins og um var samið.

Þegar ár var liðið frá því að kaup gerðust, tilkynnti umbj. minn stefnanda símleiðis, að hann myndi nú leita réttar síns og rifta kaupum, þar sem stefnandi hefði vanefnt verulega greiðslur samkv. kaupsamningi og ekkert útlit væri fyrir, að hann gæti efnt það. Um svipað leyti kom stefnandi til Keflavíkur á fund umbj. míns ásamt Erni Leóssyni, Hveragerði, og vildi, að umbj. minn samþykkti að endurselja umræddum aðila bifreiðina á sama verði, en þegar í ljós kom, að umbj. minn fengi ekki staðgreiðslu á eftirstöðvum kaupverðs, heldur einungis víxilgreiðslur, kvaðst hann rifta kaupum gagnvart stefnanda. Stefnandi lét þá þau orð falla, að „Seld þú þá bílinn Viðar.“

Tilkynnti umbj. minn síðan stefnanda og eiginkonu hans símleiðis, að hann rifti kaupum vegna vanskila stefnanda og mundi sækja bifreiðina til Hveragerðis, en þangað hafði stefnandi látið flytja bifreiðina um tveim vikum áður, að heimili Arnar Leóssonar. Samþykktu þau þessa aðgerð umbj. míns og að kaupin gengju til baka.

Fór umbj. minn ásamt þeim Hlöðver Kristinssyni og Jóni Einarssyni til Arnar Leóssonar í Hveragerði. Í fyrstu kvaðst Örn

hafa fullan umráðarétt yfir bifreiðinni og sýndi skjalið á dskj. nr. 20 og neitaði að afhenda kveikjulykil bifreiðarinnar. Óskaði umbj. minn þá eftir því, að lögreglan yrði kvödd á staðinn. Taldi hann, að lögreglan mundi þá taka bifreiðina í sínar vörslur og hagsmunum hans væri þá borgið. Örn skilaði þá kveikjulyklinum til umbj. míns.

Við þetta tækifæri bauð umbj. minn Erni að kaupa bifreiðina á sama verði og stefnandi hafði gert. Kvaðst Örn hugsa málið. Hann hafði ekkert frekara samband við umbj. minn.

Umbj. minn seldi síðan og afsalaði Jóni Herjólfssyni, Tjarnargötu 20, Vogum, umræddri bifreið með afsali, dagsettu 18. mars 1975, og með þeim skilmálum, sem á dskj. nr. 14 greinir.“

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram í málinu innheimtu-bréf lögmanns hans, dskj. nr. 5, til stefnanda, dagsett 21. mars 1975. Einnig bréf stefnda til stefnanda, dskj. nr. 6, dagsett sama dag, þar sem segir:

„Ég leyfi mér hér með að tilkynna, að ég hef rift sölu á bifreiðinni G-3882 vegna margendurtekinna vanskila af þinni hálfu svo og annarrar óreiðu í því sambandi.

Ég hef nú selt umrædda bifreið, eins og ég tilkynnti þér og eiginkonu um símleiðis. Fer ég þess á leit við ykkur, að þið hafið samband við mig fyrir 1. apríl n.k., og mun ég þá endurgreiða ykkur í peningum og víxlum þá upphæð, sem þegar var búið að greiða upp í kaupverð bifreiðarinnar, að frádregnum áföllnum kostnaði.“

Enn fremur lagði stefnandi fram svofellda greinargerð, dskj. nr. 8—9, vegna viðgerðar á bifreiðinni G 3882:

„Eftirtalin atriði voru unnin við bifreiðina: Styttur á milli hjóla um 90 cm. Millikassi færður fram um 50 cm og skipt um pakkdósir. Drifskaft stytt. Lyftihásing fódruð upp, breytt, settur nýr lyftitjakkur og glussrör, einnig nýr rafmotor fyrir lyftihásingu ásamt rafloagn. Sturtugrind og pallur styttur um 50 cm. Sturtutjakkur styttur og færður upp í grind. Ný glussrör fyrir sturtur og forðabúrstankur færður inn í grind ásamt motor fyrir lyftihásingu. Sturtustrokksfesting færð fram. Rétt og styrkt voru grind, sturtugrind og pallur (var undið). Settar voru nýjar sturtulamir. Ný hlífðargrind fyrir hús. Skjólborð lagfærð ásamt uppistöðum. Loftrör fyrir bremsur stytt, skipt um bremsumembrur, hand- og fótbremsur lagfærðar. Nýir bremsuþenjarar. Stýrishús og samstæða rétt og riðbætt, einnig lagfærðar

stýrishúsfestingar og púðar. Gert við hurðarstafi og læsingar. Unnið undir sprautun og sprautað. Grind, pallur og felgur málað. Olíutankur viðgerður v/leka. Lagt nýtt rafkerfi fyrir afturljós. Ný ljós að aftan, stefnuljós beggja megin framan og framlukt. Gert við rúðupurrkur. Skipt um hraðamælissnúru. Rafall og ræsir yfirfarið. Skipt um gorm í olíuverki og fæðidæla yfirfarin. Gert við eliment og motor í miðstöð. Skipt um vatnshosur. Smíðaðar nýjar aurlífar að aftan. Skipt um bílstjórastól. Sturtustangir og stöng fyrir háa og lága drif fóðrað upp og liðkað. Settar nýjar spegilstefingar og speglar. Skipt um drif.

Tiltekin atriði voru unnin af Gunnsteini Kjartanssyni ásamt fleirum. Unnir voru í dagv. 245 klst., eftirv. 146 klst. og í næturv. 725 klst.

— — —

Keypt voru í bifreiðina, samkvæmt nótum, varahlutir og efni að upphæð kr. 231.858.-. Einnig voru settir í bifreiðina ýmsir varahlutir, sem eigandi átti eða fékk hjá vinum og kunningjum í vinnuskipti.“

Þá lagði stefnandi fram vottorð Jóhanns Fr. Hannessonar, Sólheimum 24, Reykjavík, og Ingimars Sigurðssonar, Hraunbraut 41, Kópavogi, þar sem staðfest er réttmæti framangreindrar greinargerðar, og vottorð Ingvars Ágústssonar þess efnis, að hann hefði unnið með stefnanda í bifreiðinni G 3882 vorið 1974 fyrir kr. 53.800.

Loks lagði stefnandi fram ódagsett vottorð Jóns Rúnars Oddgeirssonar bifreiðasala, þar sem segir, að „í febrúar mánuði s.l.“ hefði hann komið Jóni Herjólfsyni, sem falaðist eftir Scania Vabis vörubifreið, í samband við stefnanda og verðmetið bifreið hans, „lægst kr. 1.400.000.- ef bifreiðin væri greidd út, annars færi það eftir greiðslufyrirkomulagi og gæti farið upp í allt að 1.600.000.-.“

Af hálfu stefnda var lagt fram vottorð Hafsteins Þorsteinsonar, Kirkjuvegi 5, Höfnum, þess efnis, að hann hefði ekið umræddri bifreið, G 3882, í tvö ár, fram til haustsins 1973, og þann tíma hefði bifreiðinni verið vel við haldið og verið í ágætu standi.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í málinu.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum í þinghaldi hinn 19. febrúar sl. Hann skýrði svo frá, að í febrúar 1974 hefði hann gert munnlegan samning við stefnda um kaup á Scania Vabis

vörubifreiðinni G 3882. Vitni að samningnum hafi verið Magnús Sigurgeirsson, Rauðarárstíg 3, Reykjavík. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 1.100.000, sem hafi átt að greiðast á einu ári. Hann kvaðst strax við móttöku bifreiðarinnar hafa greitt kr. 100.000 og u. þ. b. hálfum mánuði síðar kr. 350.000, sem hann hafi fengið greitt fyrir bifreið, sem hann seldi. Að öðru leyti hafi ekki verið talað um ákveðna gjalddaga. Síðar hafi hann tvisvar komið til stefnda til að greiða honum og þá farið þess á leit, að gengið yrði frá kaupnum að fullu, en stefndi talið einhver tormeiki á því. Hann kvaðst hafa verið reiðubúinn, án þess til þess kæmi, að tryggja eftirstöðvarnar með 1. veðrétti í fasteign. Hann kvaðst þannig aldrei hafa fengið afsal fyrir bifreiðinni. Auk fyrrgreindra kr. 450.000, sem hann hafi fengið kvittun fyrir í einu lagi, kvaðst hann síðar hafa greitt í tvennu lagi kr. 300.000, sem hann hafi fengið eina kvittun fyrir, og kr. 90.000, sem hann kvaðst hafa greitt stefnda við aðalhlíðið að Keflavíkurflugvelli við mót Hafnavégar, og hafi vitni að þeirri greiðslu verið Þórður Georgsson, Laugavegi, Reykjavík. Hann kvaðst ekki hafa fengið kvittun fyrir þeirri greiðslu. Hann kvaðst ekki hafa greitt meira. Hann kvaðst hafa notað bifreiðina nokkuð haustið 1974 og ekið henni samtals 10.020 km. Hann kvaðst þar fyrir utan hafa ekið lítið sem ekkert. Hann kvaðst hafa gert bifreiðinni mikið til góða, til að hún yrði nothæf, sbr. dskj. nr. 8. Hann kvaðst hafa fengið veðbókavottorð, þar sem þá hafi staðið til, að gengið yrði frá afsali. Laust fyrir áramótin 1974—1975 hafi bifreiðinni verið komið í geymslu til Arnar Leóssonar, Hveragerði. Þeir Örn hafi síðan, í mars 1975, ætlað að fá samþykki stefnda, til að Örn fengi að ganga inn í kaup bifreiðarinnar, og í því skyni fengið veðbókavottorð, en stefndi ekki viljað það. Þá, í mars 1975, hafi stefndi síðan tekið bifreiðina frá Erni. Hann kvaðst ekkert leyfi hafa veitt til þess, enda ekki verið leitað eftir því. Hann kvaðst nokkru síðar, er hann fór að sækja talstöð sína og fleira, er hann átti í bifreiðinni, hafa komist að því, að bifreiðin hafði verið seld Jóni Herjólfssyni og söluverðið talið kr. 1.400.000, en nokkru áður hafi Jón þessi falað bifreiðina af mætta (sic) á kr. 1.600.000. Mætti (sic) skýrði svo frá, að hann hafi síðast greitt stefnda, þ. e. kr. 90.000, eftir 11. september 1974 (er hann greiddi kr. 300.000). Stefndi hafi þá verið að aka með sand frá Höfnum upp á Keflavíkurflugvöll. Hann kvað stefnda hafa alloft haft samband við sig og kvartað yfir greiðslutregðu. Hann kvaðst ekki muna til

þess, að stefndi hefði talað um að rifta kupunum. Hins vegar hafi verið samkomulag um það milli þeirra, að sanngjarnt væri, að verð bifreiðarinnar hækkaði eitthvað vegna greiðsludráttarins, en ekki hafi þar verið nefnd ákveðin fjárhæð eða ákveðnir greiðsluskilmálar. Það hafi einmitt alltaf skort kaupsamning, og það gegn vilja mættu.

Sama dag gaf stefndi skýrslu fyrir dóminum. Hann staðfesti málavaxtalýsingu í greinargerð sinni að því undanskildu, að hann gæti ekki fullyrt, að stefnandi hefði allt sumarið 1974 ekið fyrir norðan. Aðspurður, hvort hann viðurkenndi að hafa síðast móttekið kr. 90.000 frá stefnanda og þá án kvittunar, sagðist hann ekki muna eftir þessu. Hann kvaðst hafa ritað riftunarbréf, dskj. nr. 6, eftir að hann fékk bréf frá umboðsmanni stefnanda, dskj. nr. 5. Hann skýrði svo frá, að er hann afhenti stefnanda umrædda bifreið, hafi þurft að „hressa upp á útlit hennar“ og mála hana og búkkatjakkur hafi verið bilaður. Hann kvað sér óviðkomandi allt annað, sem gert hefði verið við bifreiðina. Stefnandi hafi í leyfisleysi stýtt bifreiðina og þar af hafi leitt ýmsar aðgerðir. Mætti (sic) kvaðst hafa haft samband bæði við stefnanda og konu hans nokkrum dögum áður en hann sótti bifreiðina til Arnar Leóssonar og sagt þeim, að hann rifti kaupin. Hann kvaðst einnig hafa boðið stefnanda að vera viðstaddur, er salan til Jóns Herjólfssonar fór fram, en hann ekki þegið það. Kvaðst hann hafa gert stefnanda það tilboð um þetta leyti að endurgreiða honum þær kr. 750.000, sem hann hafði greitt, og að auki kr. 300.000 sem mismun á söluverði í hinum umræddu tilvikum (þ. e. kr. 1.100.000 og kr. 1.400.000), allt að frádregnum kostnaði, sem mætti (sic) hefði greitt vegna stefnanda. Greiðslan skyldi fara þannig fram, að kr. 100.000 yrðu greiddar þegar í peningum og afgangurinn í víxlum, tryggðum í kaskótryggðri bifreiðinni. Þetta hafi stefnandi ekki viljað og aðallega borið fyrir sig, að söluverðið til Jóns Herjólfssonar hefði verið kr. 1.600.000, en ekki kr. 1.400.000.

Vitnið María Erna Sigurðardóttir, eiginkona stefnanda, gaf skýrslu hér fyri dómi hinn 19. mars sl. Hún skýrði svo frá, að á föstudegi eða laugardegi í febrúar í fyrra hafi stefndi hringt heim til þeirra hjóna og mættu (sic) orðið fyrir svörum. Hafi hann sagt, að hann ætlaði að sækja bifreiðina G 3882, en hún ekki veitt neitt leyfi til þess, heldur þvert á móti sagt, að hann hefði ekkert leyfi til þess. Hún kvað stefnanda þá hafa verið búinn að fá kaupanda að bifreiðinni, sem hafi verið Örn Leósson í Hvera-

gerði og hann verið með bifreiðina. Daginn eftir þetta samtal kvaðst mætta (sic) hafa frétt, að stefndi hefði sótt bifreiðina til Hveragerðis. Mætta (sic) skýrði svo frá, að áður hefði stefndi oft hringt heim til þeirra hjóna og hún oftast orðið fyrir svörum. Hann hafi þá yfirleitt verið að biðja um peningagreiðslur og hafi hún margoft farið fram á, án árangurs, að gengið yrði betur frá kaupunum, greiðsluskilmálar yrðu nánar ákveðnir og afsal gefið fyrir bifreiðinni. Eftir að stefndi tók bifreiðina, hafi hann einnig talað við hana og meðal annars sagt henni einn daginn, að síðar þann dag ætti að ganga frá sölu bifreiðarinnar. Hann hafi stungið upp á, að hún yrði viðstödd söluna, en þar sem hún hafi ekki átt heimangengt, hafi hún farið fram á, að gengið yrði frá kaupunum í Reykjavík. Mætta (sic) kvaðst ekki hafa náð sambandi við mann sinn þann dag, en þar sem stefndi hefði ekki staðið við loforð um að koma þá um kvöldið með greiðslu fyrir bifreiðina, hafi þau hjónin farið daginn eftir, eða 20. mars, til fundar við stefnda og með þeim Jón Friðsteinsson. Mætta (sic) kvaðst hafa séð um fjárreiður og bókhald fyrir stefnanda og beðið stefnda um kvittun fyrir kr. 90.000, sem hún vissi, að stefnandi hafði greitt án þess að fá kvittun fyrir, og hafi hann samþykkt það, en þegar svo hafi farið, að greiðslutilboði stefnda var hafnað, hafi hann sagt, að fyrst svona hefði farið fengju þau enga kvittun. Aðspurð, hvort hún vissi, hvernig samið var um greiðsluskilmála í upphafi, sagði hún, að hún hefði vitað, að bifreiðina hafi átt að greiða á einu ári, en þar fyrir utan hafi skort alla gjalddaga og það hafi hún verið óánægðust með. Hún kvaðst ekki hafa verið viðstödd, þegar kaupin voru gerð. Hún kvað stefnanda hafa greitt kr. 100.000 við afhendingu bifreiðarinnar og nokkru síðar eftir að hafa selt bifreið, sem hann átti, kr. 350.000 og hafi ekki borið á öðru en stefndi gerði sig ánægðan með þá greiðslu. Hún skýrði aðspurð svo frá, að rekstrarreikningur sá, er fylgdi framlögðu skattframtali stefnanda árið 1975, væri eingöngu vegna reksturs bifreiðarinnar G 3882. Samkvæmt rekstrarreikningnum voru vergar aksturstekjur stefnanda árið 1974 kr. 1.057.000 og hreinar tekjur kr. 787.100. Hún kvað tilboð það, sem stefndi gaf stefnanda 20. mars, hafa verið þannig, að hann fengi kr. 80.000 til kr. 90.000 af þeim kr. 600.000, sem stefndi hafði fengið sem útborgun, og að auki víxla að fjárhæð kr. 800.000. Aðspurð, hvort þau hjónin hefðu verið reiðubúin að greiða eftirstöðvar kaupverðsins á þeim tíma, er stefndi sótti bifreiðina til Hveragerðis,

kvað hún þau sjálfsagt hefðu getað bjargað því, en greinilega hefði aðalatriðið hjá stefnda verið að fá bifreiðina aftur. Í sama þinghaldi fór fram samþrófun framangreinds vitnis og stefnda. Stefndi kvað það rétt vera, að vitnið hefði beðið hann um kvittun fyrir kr. 90.000 hinn 20. mars 1975, er það kom til fundar við hann ásamt stefnanda og Jóni Friðsteinssyni, en hann hafi skilið það svo, að hún ætti við kr. 90.805, sem hann hafði tekið við frá Jóni Herjólfssyni og kvittað fyrir fyrir hönd stefnanda, enda ætlað honum peningana. Vitnið kvað þetta ekki geta staðist, þar sem hún hefði byrjað á því að biðja um kvittunina, áður en farið var að tala um, hve mikið stefnandi ætti að fá í peningum.

Í þinghaldi þessu, hinn 19. mars sl., gáfu einnig skýrslur fyrir dómi vitnið Þórður Guðbjörn Georgsson, stefnandi svo og stefndi að nýju. Verða nú raktir framburðir þeirra.

Vitnið Þórður Guðbjörn Georgsson skýrði svo frá, að það hafi verið í fyrri hluta október 1974, kl. um 1130, að stefnandi máls þessa hafi komið heim til hans og beðið hann að koma með sér til Keflavíkur, sem hann hafi strax samþykkt. Stefnandi hafi sótt heim til sín stórt brúnt umslag (u. þ. b. 20—40 cm) og beðið mætta (sic) að gæta þess vel, því að í því væru kr. 90.000. Þeir hafi síðan farið að söluskála, sem er við veginn að Keflavíkurflugvelli, og þar hafi stefnandi hringt, en komið síðan út í bifreiðina aftur og sagt, að best væri að sitja fyrir stefnda í máli þessu við vegamót Hafnavegar og Keflavíkurflugvallarvegar. Eftir skamma bið hafi stefndi komið þar akandi í Scania bifreið og stefnandi farið í bifreiðina til hans með fyrrgreint umslag, en áður hafði bæði mætti (sic) og stefnandi verið búnir að telja fjárhæðina, sem í því var, þ. e. kr. 90.000 í 5.000 króna seðlum. Hann kvaðst hafa séð, að stefndi tók við umslaginu og lét það upp við framrúðu bifreiðarinnar og rétt áður en stefnandi kom aftur, eftir um 5—10 mínútna dvöl í bifreið stefnda, hafi hann séð, að stefndi tók seðlabúntið úr umslaginu og hélt á því í hægri hendi. Hann kvaðst þekkja stefnanda vel og auk þess þekki hann stefnda vel í sjón. Hann kvaðst halda, að stefndi hlyti að hafa séð hann í umrætt sinn. Skýrði hann aðspurður svo frá, að hann hefði fjóra daga fram á nótt unnið að viðgerð bifreiðar þeirrar, sem stefnandi fékk frá stefnda. Hann kvað ástand bifreiðarinnar hafa verið þannig, að það hafi ekki verið neinu lagi líkt. Hann kvaðst hafa unnið aðallega við húsið, en húsfestingar hafi allar verið ónýtar svo og gólfið, bifreiðin hafi verið allt of löng miðað

við malarflutninga, hún hafi verið bremsulaus, stýrisbúnaður bilaður, þurrkubúnaður algerlega í lamasessi, flestir hjólbarðar ónýtir, stefnuljós biluð o. fl. o. fl. Hann kvað bifreiðina hafa orðið algerlega óþekkjanlega eftir þær endurbætur, sem framkvæmdar voru. Hún hafi í upphafi verið í algeru lágmarki sem ökutæki og atvinnutæki. Hann kvaðst hafa unnið við bifreiðina seinni hluta vetrar 1974 og bifreiðin þá staðið í snjó í porti Vegagerðarinnar, þar sem stefnandi vann, og muni þá hafa verið búin að standa þar í töluverðan tíma. Um sumarið hafi stefnandi farið með bifreiðina til vinnu norður í landi og þá hafi drifið splundrast. Hann kvaðst hafa unnið framangreint verk fyrir stefnanda í skiptivinnu. Þá skýrði hann svo frá, að er stefnandi afhenti stefnda kr. 90.000, svo sem fyrr greinir, hafi $3\frac{1}{2}$ —4 metrar verið milli bifreiða stefnda og þeirrar, er hann sat í. Þær hafi verið á sama vegarhelmingi og snúið framendum saman.

Vitnið vann eið að vætti sínu.

Stefnandi skýrði svo frá, að er hann fékk bifreiðina frá stefnda, hafi hann verið að selja Benz bifreið og hafi verið um það talað, að stefndi fengi útborgunina úr þeirri bifreið. Þá hafi verið reiknað með, að bifreiðin seldist á kr. 600.000 gegn staðgreiðslu, en reyndin hefði orðið önnur, þ. e. staðgreiðsla hafi orðið kr. 350.000. Þá peninga hafi stefndi fengið og ekki látið annars getið en að hann gerði sig ánægðan með þá greiðslu. Stefnandi staðfesti skýrslur sínar, dskj. nr. 8 og 9, og bar, að þar væri fremur vantalið en oftalið. Hann kvað ástand bifreiðarinnar hafa verið mjög slæmt, er hann fékk hana, og jafnvel verra en hann gerði sér í upphafi grein fyrir. Hins vegar hafi Scania bifreiðar af þessari gerð verið á háu verði og hafi verðið, kr. 1.100.000 ekki talist ýkja hátt miðað við greiðsluskilmála. Hann kvað bifreiðina hafa staðið ekki minna en einn mánuð í porti Vegagerðarinnar, áður en byrjað var að gera við hana. Mætti (sic) skýrði svo frá, að verið gæti, að hann hafi ekið bifreiðinni eitthvað meira en 10.020 km, t. d. 100—200 km meira, en þá ekkert við vinnu. Mætti (sic) skýrði svo frá, að er hann fékk bifreiðina, hafi ekki fylgt henni varadekk, tjakkur eða felgulykill, en tjakkur og felgulykill hafi hins vegar fylgt henni, er stefndi tók hana aftur.

Stefndi skýrði svo frá, að er stefnandi fékk bifreiðina frá honum, hafi verið á döfinni, að stefnandi seldi Benz bifreið og reiknað með, að hann fengi út úr þeirri sölu kr. 600.000 í útborgun. Þess vegna hafi verið við það miðað, að útborgun yrði, svo sem

fram hefur komið, kr. 600.000 til viðbótar kr. 100.000, sem greiddar voru strax við afhendingu. Mætti (sic) kvaðst aðspurður hafa kynnt sér skýrslur stefnanda, dskj. nr. 7 og 9, um það, hvað gert hafi verið við bifreiðina. Kvaðst hann ekki vefengja, að það væri allt rétt, en það skipti bara engu máli. Hann kvaðst hafa verið búinn að eiga bifreiðina frá 1971. Hann kvað ástand hennar hafa verið þokkalegt, er stefnandi fékk hana og einnig er mætti (sic) fékk hana aftur, en þó hafi þá sá galli verið á, að búið hafi verið að taka hliðarsturtuútbúnað. Hann kvað hvorki felgulykil né varadekk hafa fylgt bifreiðinni frá sér, og mundi hann ekki, hvort tjakkur fylgdi. Er hann fékk bifreiðina aftur, hafi fylgt tjakkur og felgulykill og hafi hann sagt stefnanda að taka þessa hluti. Hann kvað bifreiðina hafa staðið inni haustið 1973, en það hafi eingöngu verið vegna skorts á verkefnum. Hún hafi verið vel aksturshæf, er stefnandi fékk hana. Samkvæmt framlögðum skattframtölum stefnda árin 1974 og 1975 námu hreinar tekjur hans af atvinnurekstri samkvæmt rekstrarreikningi kr. 1.542.358 árið 1973, en kr. 460.231 árið 1974. Kvað hann ástæðu þessa mikla mismunar vera annars vegar þá, að fyrra árið hafi hann rekið tvær vöru-bifreiðar, en eina hið síðara og hins vegar hafi komið til daufara atvinnuástand. Hann kvað vél títtnefndrar bifreiðar hafa verið tekna alveg í gegn árið 1972 og gagngerð viðgerð á bremsukerfi framkvæmd árið 1973.

Í þinghaldi hinn 30. apríl sl. gáfu skýrslur fyrir dóminum vitnin Jón Ingibergur Herjólfsson, Svavar Borgarsson, Guðmundur Sigurður Halldórsson, Jón Þór Friðsteinsson og Örn Leósson. Þá kom stefndi enn á ný fyrir dóminn til skýrslugjafar.

Vitnið Jón Ingibergur Herjólfsson kvaðst hafa keypt bifreiðina G 3882 af stefnda fyrir kr. 1.400.000. Hann kvað þá stefnda hafa náð í bifreiðina á laugardegi til Arnar Leóssonar og hafi stefndi þá gefið Erni loforð um forkaupsrétt að bifreiðinni, ef hann kæmi með peninga strax eftir þá helgi. Stefndi hafi síðan beðið átekta til að athuga, hvort Örn kæmi til kaupanna, og hafi hann (vitnið) þurft að ganga á eftir stefnda með að selja sér bifreiðina nokkuð á aðra viku, eftir að hún hafði verið sótt til Hveragerðis. Hann skýrði svo frá varðandi þá för, að þá hafi Örn Leósson afhent stefnda lykil bifreiðarinnar, sem stefndi hafi síðan ekið á braut. Þarna, eftir að hafa séð bifreiðina, kvaðst hann hafa ákveðið að kaupa bifreiðina, ef ekki yrði af kaupum Arnar.

Vitnið Svavar Borgarsson kvaðst hafa ekið bifreiðinni G 3882

í 2—3 vikur fyrir stefnda um páskaleytið 1973, aðallega í fiskflutningum. Kvað hann bifreiðina hafa verið í ágætu lagi, engra bilana orðið vart, henni hafi verið vel við haldið að sínu áliti og verið mun þægilegri í akstri en hin vörubifreið stefnda. Hann kvað hafa verið unnt að sturta til hliðar á bifreiðinni, sem hafi verið mikill kostur. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með viðhaldi bifreiðarinnar eftir áðurgreint tímabil, en ekið henni nokkrum sinnum um sumarið og hafi hún þá verið í ágætu lagi, þótt ekki hefði veitt af að mála hana.

Vitnið Guðmundur Sigurður Halldórsson kvaðst hafa unnið að því með stefnanda vorið og sumarið 1974 að endurbyggja Scania bifreiðina G 3882, sem hafi þá verið í skemmu Vegagerðar ríkisins í Gráfarvogi. Vitnið kvað hús bifreiðarinnar hafa verið endurbætt og ryðbætt, pallur endurbyggður, bifreiðin stytta um 1 metra milli öxla, bifreiðin undirbúin undir sprautun, hásing endurbyggð, en síðar muni hafa verið sett í hana nýtt drif og hún sprautuð. Vitnið kvaðst ekki hafa unnið við að taka upp vél. Vitnið kvaðst aðallega hafa unnið að þessu á kvöldin og um helgar, þ. á m. um hvítasunnu, og lagt í þetta mikla vinnu. Vitnið kvað þá stefnanda vera systkinabörn og hafi það unnið þetta verk í greiðaskyni. Hann lýsti ástandi bifreiðarinnar fyrir þessar endurbætur þannig, að það hefði verið hroðalegt og helst minnt á brunarústir. Bifreiðin hafi verið undin og snúin, vegna þess að grindin var brotin. Hann skýrði svo frá, að hann hefði unnið í u. þ. b. þrjá mánuði við bifreiðina á kvöldin og um helgar. Kvað hann ýmsa fleiri hafa unnið við bifreiðina, þar á meðal bræður hans og hinir og aðrir kunningjar stefnanda.

Vitnið Jón Þór Friðsteinsson skýrði svo frá, að hann hafi um 20. mars 1975 farið með stefnanda og konu hans til Keflavíkur til fundar við stefnda. Kvaðst vitnið hafa náð í stefnda inni á vörubílastöð. Vitnið kvað stefnda hafa farið inn í vörubifreið sína ásamt vitninu og Maríu, eiginkonu stefnanda, og þá hafi María farið fram á að fá kvittun frá stefnda fyrir 90 þúsund króna greiðslu, sem hún hafi verið búin að segja vitninu, að stefnandi hafi verið búinn að greiða án þess að fá kvittun fyrir. Stefnandi hafi sagt, að hún gæti fengið kvittunina á eftir. Stefnandi hafi síðan gert tilboð um greiðslu vegna bifreiðarinnar og hafi hann þar á staðnum viljað afhenda víxla og rúmlega 90 þúsund í peningum. Hafi í tilboði hans verið gengið út frá söluverði að fjárhæð kr. 1.400.000, sem stefnandi átti að fá, að frádregnum

kr. 285.000, sem stefnandi hafi verið talinn skulda stefnda, einnig að frádregnum vöxtum, kr. 90.000, flutningskostnaði á bifreiðinni frá Hveragerði, kr. 15.000, svo og greiðslu vegna opinberra gjalda. Vitnið sagði, að sér hafi fundist vextirnir háir og auk þess hafi stefndi ekki verið með neina skuldarviðurkenningu fyrir nefndum kr. 285 þúsundum, en aðalástæðan hafi verið sú, að verð bifreiðarinnar hafi verið alltof lágt, einnig að kostnaður hafi verið ósanngjarn. Þegar þarna var komið og ljóst orðið, að ekki mundi verða af samningum, þá kvað vitnið stefnda hafa sagt, að hann mundi ekki láta Maríu hafa neina kvittun. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina skömmu eftir að Gunnsteinn fékk hana, og sjálfur kvaðst hann ekki mundu hafa gefið 500 þúsund fyrir hana, þó að hann hefði átt þess kost. Hún hafi m. a. öll verið undin og snúin, og kvaðst hann ekki hafa séð annað eins útlit og ástand bifreiðar, nema ef vera skyldi í porti Vöku. Hann kvað ástand bifreiðarinnar hafa verið mjög gott eftir endurbætur stefnanda og kvaðst hafa verið vörubifreiðarstjóri um þetta leyti og sjálfur átt Scania bifreið, árg. 1965. Kvaðst vitnið telja, að rétt söluverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 1.600.000 til 1.800.000 eftir greiðslumáta. Premur — fjórum mánuðum síðar en bifreiðin G 3882 var seld hafi bifreið vitnisins verið seld á 2.2 milljónir.

Vitnið Örn Leósson kvað hafa komið til tals milli hans og stefnanda, að hann keypti af honum Scania bifreiðina G 3882. Kvaðst vitnið halda, að þetta hafi verið um eða eftir áramótin 1974-75. Hafi stefnandi beðið vitnið að geyma bifreiðina, þar til annað yrði ákveðið, og vitnið síðan dregið bifreiðina austur í Hveragerði og fengið jafnframt skriflegt frá stefnanda, að það væri umráðamaður bifreiðarinnar. Vitnið kvað þá stefnanda hafa fengið veðbókarvottorð bifreiðarinnar í byrjun mars 1975 og hafi þá komið í ljós, að meira hvíldi á bifreiðinni en vitnið hafði haft ástæðu til að halda eftir að hafa áður séð veðbókarvottorð bifreiðarinnar. Það mun hafa verið daginn eftir öflun veðbókarvottorðs, eða u. þ. b. sem vitnið og stefnandi fóru til Keflavíkur til fundar við stefnda í því skyni að ræða um greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs. Ætlunin hafi verið sú, að stefnandi fengi afsal fyrir bifreiðinni frá stefnda, til þess að vitnið gæti síðan keypt hana. Vitnið kvaðst ekki vita, hvað stefnanda og stefnda fór á milli, en þeir hafi virst skilja í bróðerni. Eftir þetta kvaðst vitnið hafa heyrt, að stefndi væri að hringja í stefnanda og hóta því að hirða bifreiðina. Næst hafi það gerst síðar í marsmánuði, að stefndi hafi kom-

ið til vitnisins í Hveragerði ásamt tveimur mönnum og sagst vera kominn til að sækja bifreiðina og hafi hann sagst vera að koma af fundi eiginkonu stefnanda og væri þetta allt á hreinu. Hann hafi jafnframt sagst vera með kaupanda að bifreiðinni og mundi verða gengið frá þeim kaupum næstkomandi mánudag. Vitnið kvaðst hafa haldið því fram, að það ætti forkaupsrétt að bifreiðinni, en stefndi hafi aftur á móti sagt, að um eftirstöðvarnar, á fjórða hundrað þúsund krónur, væri ekkert að semja, þá peninga yrði að greiða út í hönd, en hins vegar hafi hann gefið vitninu kost á að kaupa bifreiðina, ef það greiddi peningana fyrir mánudaginn. Vitnið kvaðst hafa verið mjög tregt til að afhenda lykil bifreiðarinnar og hafi það reynt að ná tali af stefnanda eða eiginkonu hans, en ekki tekist og þá boðist til þess að koma bifreiðinni sjálf til stefnda fyrir mánudag öllum að kostnaðarlausu, en því boði hafi stefndi hafnað og hafi vitnið að lokum látið stefnda fá lykilinn og hugsað sem svo, að ef stefndi segði satt frá, þá kynni vitnið að gera stefnanda og konu hans óleik með því að neita að afhenda bifreiðina. Vitnið skýrði svo frá, að það og stefnandi hafi verið búnir að ræða um krónur 1.600.000 sem verð á bifreiðinni, hins vegar hafi ekki verið búið að ganga frá því, hvort stefnandi tæki af vitninu vörubifreið þess upp í kaupun.

Stefndi skýrði meðal annars svo frá, að kvittanir hefðu ekki verið gefnar (stefnanda) reglulega og stundum ein kvittun fyrir fleiri greiðslum, og taldi hann hugsanlegt, að 90 þúsund króna greiðsla sú, sem meðal annars gat um í vætti Þórðar Guðbjarnar Georgssonar, væri innifalin í síðustu kvittuninni, er hann gaf stefnanda.

Dómkrafa stefnanda er þannig sundurliðuð:

1. Innborgað af stefnanda	kr. 840.000	
2. Verðmætaaukning bifreiðar		
(kr. 1.600.000 ÷ 1.100.000)	— 500.000	kr. 1.340.000
÷ ábyrgðartrygging 15/2 '74	— 9.990	
÷ bifreiðaskattur frá 15/2 1974 ..	— 7.914	
÷ þungaskattur 1974 og 1975	— 46.593	kr. 64.497

Kemur þá út dómkrafan kr. 1.275.503

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að honum hafi verið heimilt að rifta umræddum kaupum og taka bifreiðina úr vörsl-

um stefnanda eða umboðsmanns hans, eins og hann gerði. Stefnandi hafi vanefnt kaupsamninginn um bifreiðina það verulega, að stefnda hafi verið heimilt að briggja hinu seldu úr vörslum stefnanda og hafi það verið gert á lögmætan hátt með fullu samþykki stefnanda og umboðsmanns hans. Hann hafi áskilið sér allan rétt til að rifta kaupin, þrátt fyrir að hann hafi afhent stefnanda hina seldu bifreið, með því að hann gaf ekki út afsal til stefnanda og undirritaði ekki sölutilkynningu til Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þá hafi hann ábyrgðartryggt bifreiðina og hafi hún aldrei verið skráð á nafn stefnanda eða hann haft undir höndum heimildir fyrir henni. Telur stefndi, að hann skuldi stefnanda ekki neitt, en til vara að hann skuldi honum óverulega fjárhæð, enda eigi hann gagnkröfu á hendur stefnanda vegna viðskipta þeirra. Til grundvallar uppgjöri í málinu verði að leggja eftirfarandi:

Aðalkrafa:

I. Innborgað af stefnanda kr. 750.000

II. Endurbætur stefnanda á bifreiðinni — 5.000

Meintar endurbætur stefnanda á bifreiðinni séu stefnda óviðkomandi og vafasamur ávinningur að þeim. Þó sé fallist á, að eitthvað hafi þurft að sprauta bifreiðina og auk þess hafi glussatjakkurinn þurft á viðgerð að halda. Þessar framkvæmdir hafi varla kostað stefnanda meira en kr. 5.000.

Gagnkrafa:

I. Útlagður kostnaður vegna stefnanda kr. 76.839

Krafan sundurliðast þannig:

1. Ábyrgðartrygging 15/2 1974—4/7 1974, sbr. dskj.
nr. 15 — 9.990
2. Bifreiðaskattur 1974 kr. 8.989
÷ 1½ mánuður — 1.075 — 7.914
3. Þungaskattur,
greitt 1974, sbr. dskj. nr. 17 — 12.342
4. Greitt 1975, sbr. dskj. nr. 18 — 46.593 — 58.839

Samtals kr. 76.839

II. Skaðabætur vegna vanefnda stefnanda á kaupsamningi

..... kr. 750.000

Stefnda beri skaðabætur úr hendi stefnanda vegna vanefnda á samningi þeirra. Hann hafi haft ýmsan aukakostnað vegna van-

efndanna, bæði ferðakostnað og mikinn símakostnað. Hann hafi vegna þeirra orðið af kaupum á nýrri vörubifreið svo og vaxtatapi (sic), þ. e. dráttarvöxtum af vanskilum og vöxtum af væntanlegum víxilgreiðslum. Þá beri honum fébætur vegna afnota stefnanda af bifreið hans, en bifreiðin sé atvinnutæki, sem geti gefið af sér drjúgar tekjur. Beri að miða skaðabætur vegna afnota stefnanda á bifreiðinni við hæfilegar leigugreiðslur til handa stefnda, sem ekki séu lægri en kr. 750.000 ásamt fyrirtöldum bótum.

Það er álit dómsins, að til viðbótar þeim kr. 750.000, sem samþykkt er af stefnda, að stefnanda beri að fá endurgreiddar, beri honum kr. 90.000, sem þannig telst nægilega sannað, að stefnandi hafi innt af hendi til stefnda upp í kaup bifreiðarinnar G 3882, en kaupin gengu til baka, svo sem að framan er rakið.

Krafa um greiðslu kr. 500.000 vegna verðmætisaukningar bifreiðarinnar er í heild sinni studd alls ónógum gögnum. Hvorki hafa verið lagðir fram kostnaðarreikningar né matsgerð. Þykir bera að sýkna stefnda af kröfunni að öðru leyti en því, er viðkemur kostnaði við að sprauta hús bifreiðarinnar og lagfæra „glussatjakk“ (búkkatjakk), en stefndi hefur viðurkennt greiðsluskyldu sína vegna þessa. Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda þykir greiðsla vegna endurbóta þessara hæfilega ákveðin kr. 60.000.

Fyrri liður gagnkröfu er viðurkenndur af stefnanda um kr. 64.497, og verður hann að því leyti tekinn til greina í dómi þessum. Sá hluti heildarfjárhæðar kröfuliðsins kr. 12.342, sem ágreiningur er um, er samkvæmt dskj. nr. 17 greiðsla stefnda á þungaskatti bifreiðarinnar G 3882 vegna aksturs 11.689.00 km samkvæmt ökumæli á tímabilinu 27. ágúst 1973 til 4. júlí 1974. Ekki hefur verið í ljós leitt, að bifreiðinni hafi verið ekið af stefnanda eða á hans vegum á nefndu tímabili, utan 100—200 km, svo sem hann hefur borið, og þykir því eigi fært að taka þennan þátt kröfuliðsins til greina.

Síðari liður gagnkröfu, kr. 750.000, er fjórþættur, án þess þar komi til samsvarandi sundurgreining kröfufjárhæðarinnar:

1. Aukakostnaður vegna vanefndanna, bæði ferðakostnaðar og símakostnaður.
2. Bætur fyrir að hafa orðið af kaupum nýrrar bifreiðar.
3. Vaxtatap.
4. Arðmissir af rekstri bifreiðar (leigugreiðslur).

Verður nú fjallað um hvern þessara þátta.

Um 1. Krafa þessi er engum gögnum studd, og verður hún ekki tekin til greina gegn andmælum stefnanda.

Um 2. Krafa þessi er með öllu órökstudd og óljós og verður því ekki tekin til greina.

Um 3. Í málinu hefur ekki verið í ljós leitt, hverjir gjalddagar skyldu vera á hinum einstöku greiðslum stefnanda, er stefndi telur hafa orðið greiðsludrátt á. Skortir þannig viðhlítandi grundvöll fyrir kröfunni.

Um 4. Dómurinn lítur svo á, að við gerð kaupsamnings milli aðilja máls þessa um bifreiðina G 3882 hafi hún færst í eigu stefnanda og eigi stefndi ekki rétt til arðs hennar þann tíma, er hún laut eignarumráðum stefnanda. Þykja engin rök hníga að því að taka kröfuna til greina.

Samkvæmt framanrituðu verða úrslit máls þessa þau, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 835.503 (kr. 750.000 + 90.000 + 60.000 ÷ 64.497) með vöxtum, svo sem krafist hefur verið, 13% á ári frá 1. mars 1975 til greiðsludags. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000. Er þar litið til þess, að af hálfu stefnanda hefur mála-tilbúnaði verið áfátt.

Dóminn kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson, settur sýslumaður, ásamt meðdómendunum Sigurði Helgasyni bifvélavirkja og Rögnvaldi Haraldssyni tryggingarfulltrúa.

Dómsorð:

Stefndi, Viðar Þorsteinsson, greiði stefnanda, Gunnsteini Kjartanssyni, kr. 835.503 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. mars 1975 til greiðsludags og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
